

HAFNARFJARÐARBÆR
Umhverfis- og
skipulagsþjónusta



www.hafnarfjordur.is



Ásvellir

20. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum, þann 24. janúar 2018 kl. 17:45.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður	HI	
Helga B Arnardóttir	HBA	forföll
Friðþjófur H Karlsson	FHK	forföll
Samúel Guðmundsson	SG	
Þorgeir Haraldsson	ÞH	forföll
Ingimar Haraldsson	IH	

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri -
Geir Bjarnason	GB	íþróttafulltrúi
Magnús Gunnarsson	MG	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið yfir stöðu á framkvæmd

Byrjað er að undirbúa parkett lögn, loftræsting að klárast inni í salnum, verið að vinna að málun og við hljóðvist. Farið var um salinn og hann skoðaður. Gert er ráð fyrir að æfingar geti hafist í byrjun mars. Fulltrúar Haukanna lýsa yfir ánægju með góðan frágang á húsinu og nefna þar sérstaklega hljóðvist og lýsingu.

2. Rætt um formlega opnun á húsinu

Formleg opnun á æfingar- og kennsluáðstöðunni verður 12. apríl 2018 á afmæli Hauka.

3. Önnur mál.

S.G. gerði grein fyrir pöllum í húsinu og lagði fram ósk Hauka um að málið yrði skoðað með markmiði að hægt verði að kaupa áhorfendapalla sem fyrst. Bent var á að starfshópurinn getur ekki tekið þessa ákvörðun.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:20